



## Fundur háskólaráðs 4. desember 2003

### Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 01.12.2003  
Dags: 04.12.2003

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

19/2003

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 4. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Rögnvaldur Ólafsson, Hjalti Hugason, Inga Jóna Þórðardóttir, Davíð Gunnarsson, Þorsteinn Loftsson, Þórður Harðarson, María Guðmundsdóttir og Stefán Svavarsson.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram samantekt á svörum deildarforseta við spurningum rektors um rekstur deilda o.fl.
- 1.2 Lögð fram drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 136/1997 um háskóla.  
- Samþykkt einróma að senda málið til menntamálaráðuneytisins til frekari meðferðar.
- 1.3 Um nýtt meistaranám í heimspekideild.  
- Málið verður sent til kennslumálanefndar til skoðunar.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Bréf læknanema, dags. 5. nóvember sl., ásamt minnisblaði akademískrar stjórnýslu, sbr. fund ráðsins 6. nóvember sl.  
- Minnisblað akademískrar stjórnýslu, dags. 17. nóvember sl., lagt fram. Málinu frestað.
- 2.2 Forval vegna Háskólatorgs.  
Ingjaldur Hannibalsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs og formaður bygginganefndar Háskólatorgs gerði rækilega grein fyrir málinu. Málið var rætt og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.
- 2.3 Skýrsla um málefni erlendra sendikennara við Háskóla Íslands.  
- Málinu vísað til heimspekideildar til skoðunar og verður það aftur á dagskrá háskólaráðs síðar.

### 3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Fjármál Háskóla Íslands, framhald umræðu, sbr. síðasta fund.
  - a) Forsendur við skiptingu fjárveitingar ársins 2004 og við uppgjör 2003.
  - b) Drög að nýjum kennslusamningi og nýjum rannsóknasamningi.Rektor gerði grein fyrir stöðu samningaviðræðna við stjórnvöld um nýjan kennslusamning og nýjan rannsóknasamning.  
Ingjaldur Hannibalsson gerði grein fyrir tíu mánaða uppgjóri fyrir árið 2003 ásamt tillögum fjármálanefndar vegna uppgjors fyrir árið 2003 og skiptingar fjárveitingar ársins 2004. Tillögur nefndarinnar eru í fjórum liðum.

1) Gert er ráð fyrir að gert verði upp við Háskóla Íslands fyrir 4950 virka nemendur. Í uppgjöri fær Háskólinn 226 m.kr., en vegna þess að í upphafi árs var deilt út umfram fjárveitingu og skrásetningargjöld hafa reynst hærrí en áætlað var er gerð tillaga um að við uppgjör verði deilt út 160 m.kr.

2) Við uppgjör verði gerðar nokkrar breytingar á deililíkanum, eins og lýst er nánar í minnisblaði fjármálanefndar.

3) Við skiptingu fjárveitingar ársins 2004 verði miðað við 5000 virka nemendur þó svo að fjárlög tryggi fjárveitingu fyrir 5200 virka nemendur. Þá verður unnt að endurskoða fjárveitingu við uppgjör í lok ársins.

4) Vegna raunlækkunar á fjárveitingu til rannsókna um 105 m.kr. kemur til greina að lækka fjárveitingu til rannsókna í deildum um u.þ.b. 100 m.kr. eða skertar fjárveitingar til Rannsóknasjóðs Háskólans, Sáttmálasjóðs og rannsóknamissera. Tillögur fjármálanefndar voru ræddar ítarlega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

Þorsteinn Loftsson, fulltrúi Félags prófessora og Félags háskólakennara, bar upp tillögu um að af þeim 160 m.kr. sem fjármálanefnd leggur til að verði deilt út verði teknar 30 m.kr. og færðar til Rannsóknasjóðs Háskólans.

Rektor bar tillögu Þorsteins undir atkvæði og var hún felld með fimm atkvæðum gegn einu.

Málið verður áfram á dagskrá háskólaráðs.

- 3.2 Einkahlutafélagið „Vísindagarðar Háskóla Íslands”, drög samþykktar og stofnskrár félagsins, ásamt skipan stjórnar þess, sbr. fund ráðsins 16. október sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu og bar upp tillögu um að gerð verði sú breyting á fyrirliggjandi gögnum að stjórn einkahlutafélagsins „Vísindagarðar Háskóla Íslands” verði skipuð tveimur mönnum fyrst um sinn: Frosta Sigurjónssyni, sem verði formaður, og Páli Skúlasyni háskólarektor.

- Svo breyttar samþykktir og stofnskrá félagsins ásamt skipun stjórnar samþykkt einróma.

- 3.3 Frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á starfsmannalögum, sbr. síðasta fund. Lögð fram sjónarmið BSRB, BHM og KÍ um frumvarpið, ályktun Félags háskólakennara og Félags prófessora.

Málið var rætt og því frestað

Fleira var ekki gert  
Fundi slitið kl. 16.00